

2016

ÁRSSKÝRSLA.ÁRSSKÝRSLA



SORPSTÖÐ SUÐURLANDS bs.

10/21/2016

Inngangur

Í þessari ársskýrslu Sorpstöðvar Suðurlands (SOS) fyrir starfsárið 2015 – 2016 er fjallað um störf stjórnarinnar og getið helstu verkefna á milli aðalfunda 30. október 2015 og 21. október 2016.

Skipan stjórnar

Í stjórn á tímabilinu voru:

Aðalmenn: Jón G. Valgeirsson, formaður, Aldís Hafsteinsdóttir, varaformaður, Ari Thorarensen, Ásta Stefánsdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Varamenn: Einar Bjarnason, Sveinn Steinarsson, Gunnar Egilsson, Sandra Dís Hafþórsdóttir og Ágúst Sigurðsson.

Frá aðalfundi hefur stjórnin haldið 6 formlega fundi.

Verkefni stjórnar

Viðræður við Sorpu bs.

Stjórn SOS hefur haldið áfram viðræðum við Sorpu en sami viðræðuhópur var skipaður af hálfu stjórnar SOS til að sjá um þau mál, þ.e. Jón, Aldís og Ásta. Hefur þessi hópur fundað tvisvar sinnum með þriggja manna viðræðuhópi af hálfu Sorpu og stendur til að halda þriðja fundinn nú í október. Athyglin hefur einkum beinst að skoða möguleika Nessands í Ölfusi til meðhöndlunar úrgangs. Eiginlegar sameiningarviðræður hafa því verið lagðar til hliðar meðan ~~var~~-verið var að skoða betur þessa snertifleti. Í því skyni sendi stjórn Sorpu og stjórn SOS ~~sveitarfélaginu~~ Sveitarfélaginu Ölfus sameiginlegt erindi vegna Nessands.

Samhliða þessum viðræðum hefur SOS framlengt tvisvar sinnum samning við Sorpu um móttöku og meðhöndlun úrgangs sem upprunninn er á starfssvæði SOS. Rennur núverandi framlenging samningsins út um næstu áramót. SOS óskaði ~~reyndar~~ eftir lengri samningstíma en stjórn Sorpu hefur ekki verið tilbúin til að framlengja til lengri tíma en 6 mánaða í senn. Til upplýsinga um þá óvissu sem þessir skömmu samningar hafa í för með sér má benda á að stjórn Sorpu samþykkti síðustu framlengingu með því skilyrði að áfram verði unnið að skipulagi að nýjum urðunarstað í landi Sveitarfélagsins Ölfus. Það þarf því að óska eftir frekari framlengingu á samningnum frá og með næstu áramótum en óvissa er um hvernig Sorpa tekur í slíka bón.

Ljóst er því að óvissa er um hvernig fyrirkomulagi á móttöku og meðhöndlun úrgangs verður háttað á starfssvæði SOS, bæði til skamms og langs tíma.

Viðræður við Sveitarfélagið Ölfus um meðhöndlun úrgangs á Nessandi.

Eins og áður hefur verið rakið sendu stjórnir SOS og Sorpu sameiginlegt erindi í október 2015 til sveitarfélagsins Ölfus. Í erindinu var beðið um að möguleikar Nessands yrðu skoðaðir með hliðsjón af því að koma þar upp móttöku á úrgangi með flokkun og vinnslu í huga og urðunarstað fyrir óvirkan úrgang o.fl. Sveitarstjórn Ölfus tók erindið fyrir og var jákvætt fyrir því að tók jákvætt í að viðræður ættu sér stað á grundvelli þess. Skipaði sveitarfélagið Ölfus tvo fulltrúa í viðræðuhóp um málið, SOS tvo fulltrúa og Sopra tvo fulltrúa. Fyrir hönd SOS voru skipuð í hópinn þau Jón G. Valgeirsson og Ásta Stefánsdóttir.

Þessi starfshópur hefur á árinu 2016 fundað þrisvar sinnum, fyrst í byrjun mars. Fljótlega kom í ljós að talsverð umræða varð um skilgreiningu á því hvað myndi fallast felast í hugtakinu „óvirkur úrgangur“. Varð niðurstaðan sú að Sorpa tók að sér að skilgreina hvaða efnisflokka ólífræns úrgangs myndi þurfa að urða á svæðinu og hvaða magn mætti ætla að félli til. Þegar þær upplýsingar lágu fyrir var óskað eftir nákvæmari upplýsingum af hálfu Sveitarfélagsins Ölfus um hvað fælist í ákveðnum efnisflokkum o.fl. sem fram komu í samantektinni. Fulltrúi Sorpu mætti síðan á fund með Sveitarfélaginu Ölfus þar sem farið var yfir þessi atriði. Síðan þá hafa viðræður legið niðri en ljóst er að Sveitarfélagið Ölfus telur mikið magn myndi koma til urðunar að óbreyttu. ? Málin eru því í biðstöðu eins og staðan er núna.

Frágangur urðunarsvæðis í Kirkjuferjuháleigu

Nú er í gildi samningur við EFLU um mælingar og vöktun í Kirkjuferjuháleigu þannig að opinberum kröfum gagnavart Umhverfisstofnun vegna lokunarinnar sé er sinnt. Á árinu var vigt á svæðinu „seld“ til sveitarfélaganna í Uppsveitum Árnassýslu og Flóa vegna vinnslusvæðis á seyru á Flúðum. Að öðru leyti hafa farið fram minniháttar aðgerðir til að svæðið líti vel út. SOS hefur viðhaldið starfsleyfi svæðisins en áfram er óvissa hvernig þetta landsvæði verður nýtt.

Orkugerðin ehf.

SOS á 34,1% hlut í kjötmjölsverksmiðju Orkugerðarinnar á móti sláturleyfishöfum á Suðurlandi. Niðurstaða nauðasamninga fyrirtækisins var sú að þeir voru samþykktir þannig að starfssemi Orkugerðin heldur áfram. Hins vegar er reksturinn viðkvæmur, bæði vegna framkvæmda sem nauðsynlegar eru til að uppfylla opinberar kröfur og einnig vegna hráefnisöflunar. Slátursleyfishafar, sem eru meðeigendur í Orkugerðinni, hafa verið að reyna að fá leyfi til koma upp litlum brennslum við starfsstöðvar sínar til að geta fargað áhættuflokkum sem Orkugerðin má ekki taka á móti. Óvissa er um hvaða áhfrif þetta kann að hafa á starfssemi fyrirtækisins ef þessar brennslur gætu geta tekið við öðru hráefni. Þá er enn upp mikil skekkja í samkeppnisumhverfi sláturleyfishafa á Suðurlandi því samkeppnisaðlar þeirra annarsstaðar á landinu komast upp með það að urða sláturúrgang og þá gegn miklu lægra gjaldi en móttökugjöld—móttökugjald

Orkugerðarinnar eru. Hins vegar er ljóst að þeir þær lausnir og afurðir sem Orkugerðin býður upp á eru umhverfisvænar og ættu að vera hluti af heildarlausnum úrgangsmála á landinu.

Upplýsingar um úrgang frá sveitarfélögunum:

Unnið hefur verið í því að bæta upplýsingar sem SOS fær um sorpmagn á svæðinu. Stjórn SOS kallaði stærstu fyrirtækin í sorphirðu inn á stjórnarfund til skrafs og ráðagerða og það er okkar mat og starfsmanna SASS sem eru að vinna í þessu fyrir okkur, að við fáum nú betri upplýsingar en áður.

Samningar SOS og SASS

Samningar voru endurnýjaðir við SASS um að vinna við ákveðna þætti sem SOS þarf að halda utan um. Það samstarf hefur gengið vel og ljóst að meðan starfssemi SOS er með þeim hætti sem hún er í dag er slík vinna fyrir SOS nauðsynleg. Ljóst er samt að mikil vinna hefur farið fram hjá stjórn SOS við að stýra ákveðnum daglegum málum og það hefur óneitanlega áhrif að SOS er ekki með fastan starfsmann. Ekki stendur þó til að óbreyttu að breyta þessu fyrirkomulagi.

Styrkir vegna kynningarmála.

SOS hefur greitt út til eignaraðila SOS kr. 10 millj. á árinu 2016 í samræmi við fjárhagsáætlun félagsins en geiðslurnar eiga að renna til kynningar á úrgangsmálum í sveitarfélögunum. Eins og málaflokkurinn hefur þróast hefur þetta eflaust komið í góðar þarfir. Stjórn SOS gerir ekki ráð fyrir í fjárhagsáætlun sinni fyrir árið 2017 að frekari fjármunir verði greiddir út með þessum hætti.

Greining á úrgangsmálum á starfssvæði SOS

Í tengslum við vinnu á greiningu Nessands sem urðunarstaðar og almennt í vinnu stjórnar á starfsárinu hefur verið rætt um hvernig framtíðin geti orðið í flokkun og afsetningu úrgangs á svæðinu. Ljóst er að ákveðnar lausnir hafa gefist vel. Má þar bæði nefna Orkugerðina og einnig vinnslu á seyru til landgræðslu á Flúðum. Hins vegar hefur ekki verið farið í ýtarlega greiningu á hvaða flokkunarkerfi væri heppilegast að taka upp sem og að skoða alla möguleika svæðisins til úrgangsstjórnaraður en kemur til urðunar. Ljóst er einnig að tíminn er fljótur að líða og svæðisáætlunin setur okkur ákveðin skilyrði sérstaklega hvað varðar lífrænan úrgang. Að frumkvæði Sveitarfélagsins Ölfus var fundað með Stefán Gíslasyni umhverfisstjórnarfræðingi þar sem þessi mál voru rædd. Niðurstaðan var sú að leggja það til að SOS myndi ráða Stefán til starfa til að taka þessi mál út á starfssvæði SOS, velta öllum steinum, greina og leggja fram tillögur hvaða möguleika við eigum í stöðunni. Væntum við að út úr þeirri vinnu komi góð greiningartæki til frekari ákvörðunartöku.

Lokaorð

Ljóst er að málaflokkurinn er áfram í mikilli óvissu. Ekki liggur fyrir hvernig gengur að semja til skemmri tíma við Sorpu um móttöku, meðhöndlun og urðun á úrgangi. Þá liggja niðri eins og stendur viðræður við Sorpu um sameiningu og viðræður við Sveitarfélagið Ölfus um möguleika Nessands. Hins vegar verður það vonandi mikilvægt púsl í stóra púsluspilið að fá góða greiningarvinnu um möguleika svæðisins. Hvort sem það leiðir til þess að við verðum meira sjálfbær um þennan málaflokk eða ekki verður þá að koma í ljós. Eina sem við þó vitum að það verða gerðar meiri kröfur á einstaklinga og fyrirtæki um flokkun, endurvinnslu og meðhöndlun úrgangs í framtíðinni og kostnaður mun hækka frekar en hitt.

Það bíða því spennandi tímar fyrir nýja stjórn SOS.

DRAFT